

FYLGISKJAL NR. 3003

DAGS 14.08.2009

SAMANTEKT:

Hér er frétt sem er í formi svarts bæjarstjóra Mosfellsbæjar, ekki aðeins Haraldar Sverrissonar persónulega heldur einnig sem embættismanns, þess efnis að hann hafi ekki verið að braska með lóðir og lóðaréttindi í Mosfellsbæ á árum áður.

Hér fullyrðir Haraldur að móðir sín hafi selt „hluta af því landi sem hún hafi haft til umræða“ og að kaupverðið hafi verið 75 milljónir. Hér má augljóslega sjá að móðir hans seldi aldrei hluta af landi heldur framseldi hún lóðarréttindi. Spurningin er þó sú hvort það hafi verið 117 milljónir (sjá fylgiskjal nr. 2011 og 2009) sem greitt var fyrir lóðina eða 75 milljónir eins og bæjarstjórinn fullyrðir að hafi verið sbr. svar hans til DV árið 2009.

Það er vel hugsanlegt að móðir hans hafi framseld réttindi sín (sem hún fékk án samþykkis á lóðaleigusamningi hjá bæjarráði og bæjarstjórn – sjá fylgiskj. nr. 4005) á kr. 75 milljónir en þá er spurning hver vegna KPMG metur hlutafjárframlag, sem veitt var í sama mánuði, og miðar við „bindandi kauptilboð“ (sjá fylgiskjal nr. 2011) á kr. 117 milljónir við stofnun Huldubyggðar ehf. Gæti það verið tilboð Samverndar til Steinunnar (bindandi tilboð og því kaupsamningur) á kr. 117 milljónir en ef svo er þá segir Haraldur hér ósatt. Ef þar á milli hafi verið kaupsamningur á kr. 75 milljónir, þá framselur Samvernd lóðina (Lóð B en aðeins 11 lóðir af 12) á kr. 117 milljónir til nýstofnaðs dótturfélags síns Huldubyggðar ehf en hvar er þá tólfra lóðin? Endaði hún hjá Samvernd eða hjá Steinunni

sjálfri? Ekki er séð á ársreikningum Samverndar fyrir rekstrarárin 2005, 2006 og 2007 (sjá fylgiskj. 2002, 2003 og 2004) að hagnaður uppá kr. 42 milljónir hafi myndast og ekki er séð að veittur hafi verið afsláttur vegna gatnagerðargjalda eða byggingaréttar sem gæti fallið til síðar (og gerði það) og innheimtur af Mosfellsbæ. Hvergi er hægt að sjá það.

Því stendur eftir sú staðreynd að Haraldur Sverrisson segir að lóð móður hans hafi þarna verið sold á 75 milljónir en hún sögð hafa verið færð til bókar á 117 milljónir skv. bindandi kauptilboði um lóðina sbr. yfirlýsingu KPMG árið 2005 (sjá fylgiskjal nr. 2010).

Að auki eru hér í þessu svari Haraldar Sverrissonar, bæjarstjóra, mikið af fullyrðingum um ákveðna þætti og gert því skónna að bæði hann og móðir hans hafi allt ferlið verið fórnarlömb bæði fjölmiðla og í öllu ferli málsins hjá Mosfellsbæ.


0 0

INNLENT

þvertekur fyrir brask

Jóhann Hauksson johannh@dv.is

10:38 › 14. ágúst 2009



Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, vísar á bug frétt DV síðastliðinn miðvikudag þar sem fjallað er um viðskipti með landréttindi fjölskyldu hans í landi Hulduhóla á undanförnum árum.

Fulltrúar í minnihluta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar óskuðu eftir gögnum um málið á fundi bæjarstjórnar í vikunni. „Um hagsmuni og hagsmunaárekstra bæjarstjórarns er ekkert sem ég veit um og gæti vakið grun um að ekki hafi verið rétt staðið að málum,” segir Jónas Sigurðsson, fulltrúi Samfylkingarinnar en vill að málið sé hafið yfir allan vafa.

Nánar er fjallað um málið í helgarblaði DV.

Haraldur Sverrisson hefur sent DV 7 blaðsíðna greinargerð um málið sem hann hefur óskað eftir að birt verði birt á vef dv.is. Hana er að finna hér að neðan. Tekið skal fram

að DV hafði samband við upplýsingafulltrúa Mosfellsbæjar daginn sem fréttin var unnin. Jafnframt er tekið fram að upphafleg frétt byggðist á fjölda skjala og þinglýstra samninga á tugum blaðsíðna sem DV hefur undir höndum.

Greinargerð Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra Mosfellsbæjar:

Vegna ósvífinnar árásar á Harald Sverrisson, bæjarstjóra í Mosfellsbæ, og fjölskyldu hans í frétt sem birtist í DV í dag og er full af rangfærslum og dylgjum óskar Haraldur eftir að eftirfarandi leiðréttung verði birt með jafnáberandi hætti og fréttin sjálf í blaðinu á morgun, sem og á vef DV, dv.is, og að getið verði um leiðréttunguna á forsíðu á sama hátt og vísað er til fréttarinnar í blaðinu í dag. Einnig er gerð krafa um að blaðið biðjist velvirðingar á þessari frétt sem hefur valdið Haraldi og móður hans, Steinunni Marteinsdóttur, miklum sárindum.

Svo virðist sem heimildamaður DV hafi haft þann einn tilgang að koma pólitísku höggi á Harald Sverrisson og er það mjög alvarlegt þegar fjölmíðlar láta misnota sig með þeim hætti og kanna ekki betur fullyrðingar heimildamanna en hér er gert. Í því sambandi má geta að ekki var gerð tilraun til að hafa samband við Harald Sverrisson við vinnslu greinarinnar.

Hér að neðan eru rangfærslur fréttarinnar hraktar staf fyrir staf:

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (áberandi á forsíðu): "Bæjarstjóri græddi tvisvar. Beggja megin borðsins í lóðabraski."

RÉTT ER: Haraldur hefur aldrei staðið í viðskiptum með lóðir. Móðir hans, Steinunn Marteinsdóttir, seldi einu sinni, ekki tvisvar eins og haldið er fram, lóðarleigurétt af hluta að leigulóð sinni. Haraldur hefur aldrei setið beggja megin borðs í neinum viðskiptum né verið í lóðabraski.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í yfirfyrirsögn fréttarinnar): "Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, og fjölskylda hans seldu byggingarrétt úr Hulduhólalandi fyrir 100 milljónir króna árið 2005. Þau höfðu áður selt Mosfellsbæ landið og leigt spildu til sín aftur fyrir lítinn pening. Ljóst er að sem bæjarfulltrúi frá árinu 2002 hafði Haraldur möguleika til þess að hafa áhrif á skipulag sem aukið gat verðmæti fjölskyldulandsins."

RÉTT ER: Haraldur og fjölskylda hans seldu engan byggingarrétt að Hulduhólalandi fyrir 100 milljónir króna árið 2005, né heldur höfðu þau áður selt Mosfellsbæ landið. Móðir Haraldar, Steinunn Marteinsdóttir, og faðir hans, Sverrir Haraldsson, keyptu lögbýlið Hulduhóla árið 1969 sem var 28 ha. að stærð og náði frá Vesturlandsvegi niður að sjó á milli jarðanna Hamrafells og Láguhlíðar. Landið var leiguland með ábúðarrétti og var samningurinn gerður 1948 til 99 ára.

Árið 1990 leysti Mosfellsbær til sín allt land Hulduhóla, að undanskildum 3,9 ha.

umhverfis hús Steinunnar og fékk Steinunn í staðinn tvær byggingarlóðir gatnagerðargjalfafríar í Bröttuhlíð. Þær lóðir seldi Steinunn síðar fyrir rúmar tvær milljónir króna. hvora, sem jafngilti gatnagerðargjöldunum. Auk þess fékk hún endurbyggingarrétt á þeim húsum sem á lóð hennar eru ásamt byggingarleyfi fyrir einu húsi á lóð sinni án gjalda.

Árið 2005 seldi Steinunn stærstan hluta af því landi sem hún hafði til umráða. Kaupverðið var 75 milljónir.

Haraldur Sverrisson hafði engin áhrif á skipulag svæðisins þegar það var skipulagt. Það var gert í framhaldi af endurskoðun aðalskipulags sem farið var í á þeim tíma sem framsóknarmenn og vinstri menn voru í meirihluta. Ekki var einungis um deiliskipulag Hulduhólalands að ræða, heldur mun stærra svæðis, þ.e. Láguhlíð og Hamrafell. Haraldur átti sæti í skipulags- og byggingarnefnd á þessum tíma fyrir hönd minnihluta en vék af öllum fundum þar sem þetta mál var til umfjöllunar og kallaði ekki til varamann. Auk þess var Haraldur erlendis í námi á árinu 2001, þegar mál þetta var hvað mest til umfjöllunar.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í myndatexta): "Bæjarstjórinn Haraldur Sverrisson og fjölskylda hans hafa í tvígang hagnast á landi Hulduhóla, fyrst með sölu þess til Mosfellsbæjar en síðan með því að selja byggingarrétt á hluta á Hulduhólalandinu sem fjölskylda hans tók á leigu fyrir lítinn pening."

RÉTT ER: Í fyrsta lagi var Haraldur ekki aðili að viðskiptum með Hulduhólalandið heldu móðir hans, Steinunn Marteinsdóttir. Í öðru lagi hagnaðist enginn tvisvar á Hulduhólalandinu eins og halddið er fram. Mosfellsbær keypti ekki land Hulduhóla af Steinunni heldur leysti það til sín fyrir andvirði tveggja byggingarlóða eins og áður er lýst. Í fjórða lagi seldi Steinunn ekki byggingarrétt að spildu sinni heldur einungis leigurétt sinn af henni.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í fyrirsögn fréttarinnar): "Bæjarstjóri í aðstöðubraski"

RÉTT ER: Haraldur var í minnihluta þegar aðalskipulagi svæðisins var breytt. Hann var enn fremur í námi erlendis þegar mesta vinnan við endurskoðun aðalskipulags á svæðinu fór fram. Aukinheldur vék hann af öllum fundum þar sem fjallað var um málið og það hefur fulltrúi framsóknarmanna og formaður skipulags- og byggingarnefndar, Eyjólfur Árni Rafnsson, staðfest skriflega.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í útdrætti í fréttinni): "Á vormánuðum 2005 voru því Haraldur Sverrisson og fjölskylda hans búin að hagnast í tvígang á Hulduhólalandinu, fyrst með sölu þess en síðar með sölu á byggingarrétti á spildu sem hún hafði leigt fyrir lítið fé til 75 ára."

RÉTT ER: Í fyrsta lagi var Haraldur ekki aðili að viðskiptum með Hulduhólalandið heldu móðir hans, Steinunn Marteinsdóttir. Í öðru lagi hagnaðist enginn tvisvar á

Hulduhólalandinu eins og haldið er fram. Mosfellsbær keypti ekki land Hulduhóla af Steinunni heldur leysti það til sín fyrir andvirði tveggja byggingarlóða eins og áður er lýst. Í fjórða lagi seldi Steinunn ekki byggingarrétt að spildu sinni heldur einungis leigurétt sinn af henni.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, og fjölskylda hans hafa í tvígang hagnast á sama landskikanum í Mosfellsbæ. Í fyrra skiptið keypti Mosfellsbær land Hulduhóla í Mosfellsbæ af fjölskyldu bæjarstjórans."

RÉTT ER: Mosfellsbær keypti ekki land Hulduhóla af Steinunni heldur leysti það til sín fyrir andvirði tveggja byggingarlóða eins og áður er lýst og seldar voru síðar á samtals fjórar milljónir, auk lóðarinnar í kring um hús sitt og leyfi til að endurbýggja húsin á lóð hennar, sem og byggingarleyfi fyrir einu húsi á lóð sinni án gjalda. Á því landi sem hún léti af hendi er nú Hulduhlíð, Hjallahlíð, Lágafellsskóli, stór hluti af Höfðahverfinu, golfskálinn og verulegur hluti golfvallarins og því ljóst að samningurinn er einn sá hagstæðasti lóðarsamningur sem Mosfellsbær hefur gert svo ekki sé meira sagt.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Fjölskyldan leigði aftur hluta þess [lands Hulduhóla] til 75 ára fyrir lítinn pening og seldi byggingarrétt í leigulandinu fyrir um 90 milljónir króna árið 2005."

RÉTT ER: Steinunn Marteinsdóttir seldi ekki byggingarrétt í leigulandinu fyrir 90 milljónir króna árið 2005. Þegar nýtt aðalskipulag á því landi sem Steinunn hafði umráðarétt yfir var orðið að veruleika að frumkvæði meirihlutans í bæjarstjórn Mosfellsbæjar sem Sjálfstæðisflokkurinn og Haraldur Sverrisson áttu ekki sæti í á þeim tíma og deiliskipulagsvinnu í framhaldi af því ákvað Steinunn móðir Haraldar að selja stærstan hluta af því landi sem hún hafði til umráða. Eftir átti að ganga frá samningi milli lóðarhafa og bæjarins um ráðstöfun lóðanna og voru Haraldur og Steinunn sammála lóðarhafa og bæjarins um ráðstöfun lóðanna og voru Haraldur og Steinunn sammála um að ekki væri hægt að leggja það á fjölskylduna að taka þátt í því með Harald í bæjarstjórn og formann bæjarráðs. Hinn kosturinn var sá að hann hætti þátttöku í pólitík. Landið var selt á þeim tíma fyrir 75 milljónir króna. Sá gjörningur kostaði Steinunni verulega fjármuni ef miða má við það verð sem fékkst fyrir landið að lokum, skv. DV var það 147 milljónir en það er þá væntanlega sá fornarkostnaður sem fjölskyldan ákvað að taka á sig til að forðast að lenda inn í ákvarðanatökunni.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Alls hafði hann [Haraldur Skarphéðinsson byggingarverktaki] þá greitt 234 milljónir króna fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld í leigulandi bæjarstjórans eða um 21 milljón króna fyrir hverja lóð."

RÉTT ER: Byggingarverktakinn, Haraldur Skarphéðinsson, greiddi ekki 234 milljónir króna, 21 milljón fyrir hverja lóð, fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld. Hann greiddi 3,5 milljónir í gatnagerðargjöld samkvæmt ákvörðun bæjarráðs og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar á þessum tíma, sem gilti fyrir allar lóðir í eigu Mosfellsbæjar, ekki aðeins um Hulduhólalandið. Að auki var leigulandið upphaflega ekki bæjarstjórans eins og

haldið er fram, heldur móður hans, Steinunnar Marteinsdóttur, og hafði tvívegis skipt um hendur í millitíðinni. Byggingarverktakinn, keypti Hulduhlíð ehf. sem hafði keypti spilduna af eignarhaldsfélaginu Samvernd sem keypt hafði spilduna af Steinunni. Hvorki Steinunn né Haraldur höfðu nokkuð með neinn þeirra viðskiptagjörninga að gera.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í millifyrirsögn): "Aðstaða til að auka verðmæti."

RÉTT ER: Haraldur nýtti sér aldrei aðstöðu sína í sveitarstjórn til þess að auka veðmæti lóðar móður sinnar. Aðstaða hans varð þvert á móti beinlínis til þess að hún seldi landspilduna við fyrsta tækifæri svo ekki væri hægt að saka þau síðar um að hafa misnotað að stöðu sína. Við það varð hún af tugum milljónum króna, ef miðað er við endanlegt verð á spildunni skv. DV.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Um 1990 seldi fjölskylda Haraldar landið Hulduhóla."

RÉTT ER: Fjölskylda Haraldar seldi ekki landið Hulduhóla heldur leysti Mosfellsbær til sín tæpa 25 ha af landi Steinunnar, móður Haraldar. Fyrir það fékk hún tvær byggingarlóðir, 3,9 ha. spildu kring um eigið hús og eina lóð á henni gatnagerðargjalfafríu og leyfi til að endurbyggja hús sín.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Foreldrar Haraldar höfðu reist íbúðarhús á áberandi stað í Hulduhólalandinu í grennd við þjóðveginn."

RÉTT ER: Foreldrar Haraldar, Steinunn Marteinsdóttir og Sverrir Haraldsson, keyptu ábúendarétt á lögbýlinu Hulduhólum 1969 og fluttu þangað 1970 eftir að hafa breytt fjósi og hlöðu á staðnum í íbúðarhús og vinnustofur en þau voru og eru listamenn. Amma Haraldar fluttist í gamla íbúðarhúsið og Haraldur sjálfur síðan í það skömmu áður en hún dó. Haraldur endurbyggði húsið 1991.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Eftir að Mosfellsbær hafði keypt Hulduhólalandið af fjölskyldu Haraldar leigði móðir hans til sín um 34 þúsund fermetra spildu í kring um íbúðarhúsið til 75 ára með samningi sem gerður var við Mosfellsbæ í september 1990. Ársleiga var aðeins 2.58 kr. á þáverandi verðlagi [...]."

RÉTT ER: Mosfellsbær leysti til sín tæpa 250.000 m² (25 ha) af 280.000m² (28 ha) landi Steinunnar. Fyrir það fékk hún tvær byggingarlóðir, 3.900 m² (3,9 ha) spildu kring um eigið hús og eina lóð á henni gatnagerðargjalfafríu og leyfi til að endurbyggja hús sín. Ársleigan var í fullkomnu samræmi við það sem tíðkaðist á þessum tíma enda var gerður staðlaður lóðarleigusamningur við Steinunni

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Um tíu árum síðar, eða árið 2000, hófst deiliskipulagsvinna fyrir leiguland fjölskyldunnar og var sú vinna á kostnað Mosfellsbæjar [...]."

RÉTT ER: Ekki var verið að deiliskipuleggja land fjölskyldunnar eins og haldið er fram

heldur var um miklu stærra landsvæði í Mosfellsbæ að ræða sem náði meðal annars yfir spildu Steinunnar.

Á árinu 2000 í tengslum við endurskoðun aðalskipulags bæjarins lagði þáverandi formaður skipulags- og byggingarnefndar Eyjólfur Árni Rafnsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, til að fenginni tillögu Gylfa Guðjónssonar skipulagshönnuðar að aðalskipulaginu yrði breytt á þann hátt að skipulagðar yrðu 30 einbýlishúsalóðir á landinu meðfram Vesturlandsvegi frá Hamrafelli til Láguhlíðar. Þessi tillaga var lögð fram vegna þeirrar stefnumörkunar sem mótuð hafði verið í svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins um þéttingu byggðar. Haraldur sat þá í minnihluta skipulagsnefnd (var þó í leyfi allt árið 2001 vegna námsferðar í USA). Á öllum þeim fundum sem þetta mál var sérstaklega til umræðu og Haraldur sat, vék hann af fundi og ekki var kallaður til varamaður. Þetta aðalskipulag var auglýst rétt fyrir kosningar 2002 með 30 lóðum á þessu svæði.

Árið 2002 rita lóðarhafar á Hamrafelli, Hjallabrekku og Hulduhólum sameiginlegt bréf til bæjaryfirvalda um að fá að skipuleggja land sitt sjálf og annast eftir atvikum gatnagerð gegn leyfi um að fá að selja og byggja þessar lóðir. Þessu erindi var hafnað af bæjaryfirvöldum en ákveðið þess í stað að bærinn skipulagði landið sjálfur. Bærinn hóf síðan skipulagsferli á landsvæðinu um haustið 2003. Þess ber að geta að Haraldur kom ekki með neinum hætti að þessu máli í skipulagsnefnd, bæjarráði eða bæjarstjórn, ávallt vikið af fundum og örugglega oftar en þurfa þykir skv. lögum. Það hefur verið staðfest af þáverandi formanni skipulags- og byggingarnefndar, Eyjólfvi Árna Rafnssyni. Haraldur vék auk þess ávallt af fundum þegar þessi mál voru rædd á undirbúningsfundum hjá sjálfstæðismönnum.

Mosfellsbær bar kostnað af deiliskipulagsvinnu þrátt fyrir ósk Steinunnar um annað. Lóðarhafar á Hamrafelli, Hjallabrekku og Hulduhólum, þar á meðal Steinunnar Marteinsdóttir, óskuðu eftir því við Mosfellsbæ að hafa sjálf umsjón með deiliskipulagningu lóðanna og bera þar af leiðandi þann kostnað sem af því hlytist. Þeirri beiðni var hafnað.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í millifyrirslögn): "Dularfull afgreiðsla"

RÉTT ER:. Ekkert var dularfullt við afgreiðslu umsóknar Steinunnar Marteinsdóttir um að fá að skipta leigulandi sínu í fjóra hluta og viðhafast sambærileg vinnubrögð í sambærilegum málum í öðrum byggingarlöndum svo sem Leirvogstungu og Helgafellslandi.

DV ÝJAR AÐ MISFERLI: "Þegar árinu síðar, 2005, óskaði móðir Haraldar eftir því að fá að skipta leigulandinu upp í fjóra hluta samkvæmt sérstökum uppdrætti. Eftir því sem DV kemst næst fór beiðnin aldrei fyrir bæjarráð og bæjarstjórn en var þess í stað einungis afgreidd af embættismönnum undir stjórn meiri hlutans sem Haraldur átti sæti í. DV hefur ekki gengið úr skugga um hvort þarna kunni að hafa verið brotin lög úr því

afgreiðsla málsins var ekki borin undir bæjarráð eða bæjarstjórn."

RÉTT ER: Búið var að taka ákvörðun um að ráðast í deiliskipulagningu svæðisins að frumkvæði Mosfellsbæjar í framhaldi af endurskoðun aðalskipulags þegar Haraldur sat í minnihluta eins og áður er lýst. Nauðsynlegt var fyrir Steinunni að skipta upp spildu sinni í samræmi við það deiliskipulag sem var í undirbúningi og gerði hún það eftir hefðbundnum leiðum og með sama hætti og aðrir í hennar stöðu hafa gert í sambærilegum málum. Byggingafulltrúi Mosfellsbæjar afgreiddi málið með sama hætti og hann hefur afgreitt sambærileg erindi og því er algerlega fráleitt að ýja að því að eitthvað hafi verið óeðlilegt við þessi vinnubrögð og jafnvel að þau hafi farið í bága við lög.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Aðeins fimm vikum eftir þetta seldi fjölskylda Haraldar byggingarrétt fyrir 11 einbýlishús í leigulandinu."

RÉTT ER: Steinunn Marteinsdóttir, móðir Haraldar seldi ekki byggingarrétt fyrir 11 einbýlishús, heldur landspildu sem samkvæmt deiliskipulagi gerði ráð fyrir 11 einbýlishúsalóðum. Í kaupsamningi um landið kemur hvergi fram að um sölu á byggingarrétt sé að ræða enda var Steinunn ekki að selja byggingarrétt.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Samkvæmt heimildum DV var söluverð rétt um 9 milljónir króna fyrir hvern byggingarrétt eða alls nálægt 100 milljónum króna."

RÉTT ER: Steinunn Marteinsdóttir, móðir Haraldar seldi ekki byggingarrétt heldur afnotarétt af landspildu. Kaupverð hennar var 75 milljónir en ekki nálægt 100 milljónir. Í kaupsamningi um landið kemur hvergi fram að um sölu á byggingarrétt sé að ræða enda var Steinunn ekki að selja byggingarrétt.

DV ÝJAR AÐ MISFERLI: "DV hefur ekki gögn í höndunum sem sýna að salan hafi verið tilkynnt til bæjaryfirvalda."

RÉTT ER: Tilkynnt var um söluna með hefðbundnum hætti.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Á vormánuðum 2005 voru því Haraldur Sverrisson og fjölskylda hans búin að hagnast í tvígang á Hulduhólalandinu, fyrst með sölu þess en síðar með sölu á byggingarrétti á spildu sem hún hafði leigt fyrir lítið fé til 75 ára."

RÉTT ER: Í fyrsta lagi var Haraldur ekki aðili að viðskiptum með Hulduhólalandið heldu móðir hans, Steinunn Marteinsdóttir. Í öðru lagi hagnaðist enginn tvisvar á Hulduhólalandinu eins og halddið er fram. Mosfellsbær keypti ekki land Hulduhóla af Steinunni heldur leysti það til sín fyrir andvirði tveggja byggingarlóða eins og áður er lýst. Í fjórða lagi seldi Steinunn ekki byggingarrétt að spildu sinni heldur einungis afnotarétt sinn af henni.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Ljóst er að Haraldur hafði jafnframt aðstöðu í meirihluta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar til þess að hafa hönd í bagga um skipulag leigulandsins og

auka þannig verðmæti þess."

RÉTT ER: Haraldur var í minnihluta þegar aðalskipulag landsins og svæðisins þar umhverfis var endurskoðað. Hann var ennfremur í námi erlendis þegar mesta vinnan við deiliskipulagningu svæðisins fór fram. Aukinheldur vék hann af öllum fundum þar sem fjallað var um málið og það hefur fulltrúi framsóknarmanna og formaður skipulags- og byggingarnefndar, Eyjólfur Árni Rafnsson, staðfest skriflega.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í millifyrirsögn): "Byggingarrétturinn hækkar í verði."

RÉTT ER: Byggingarréttur hækkaði aldrei í verði. Steinunn Marteinsdóttir seldi aldrei neinn byggingarrétt.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Samvernd keypti byggingarréttinn úr leigulandi Haraldar og fjölskyldu hans [...]."

RÉTT ER: Haraldur var ekki skráður fyrir leigulandi, heldur móðir hans, Steinunn Marteinsdóttir. Hún seldi landið, en ekki byggingarrétt eins og hér er haldið fram.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Um leið og gengið var frá sölu byggingarréttar undir einbýlishúsin 11 gengu bæjaryfirvöld frá leigusamningi við Harald Sverrisson bæjarfulltrúa á öðrum hluta Hulduhólalandsins í grennd við gamla húsið í eigu fjölskyldu hans."

RÉTT ER: Ekki var um sölu byggingarréttar að ræða eins og áður hefur komið fram heldur um sölu landspildu. Leigusamningurinn við Harald var hefðbundinn lóðarleigusamningur um lóð þar sem íbúðahús hans stendur á og gerður í framhaldi á uppskiptingu landsins eins og skylt var og rétt.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í millifyrirsögn): "Enn innheimt fyrir byggingarrétti."

RÉTT ER: Aðeins var innheimt einu sinni fyrir byggingarrétti og hafði innheimta byggingarréttar ekkert með Harald, Steinunni né aðra í fjölskyldu hans að gera enda seldi Steinunn aldrei neinn byggingarrétt að lóðunum sem deiliskipulagðar voru í hennar landi.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Í apríl 2006 leysa bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ í raun upp eldri byggingarréttarsamning [...]."

RÉTT ER: Enginn samningur hafði verið gerður um byggingu á þessum lóðum á þessum tíma.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM: "Í samkomulaginu [milli Haraldar Skarphéðinsson sem keypti Huldubyggð ehf og þar með landspilduna og Mosfellsbæjar] eru Huldubyggð og Haraldur Skarphéðinsson verktaki í raun krafín enn á ný um 3,5 milljónir króna fyrir byggingarrétt á hverju húsi, sem fjölskylda Haraldar bæjarstjóra hafði upphaflega selt fyrir tæpar 100 milljónir króna árinu áður."

RÉTT ER: Verktakinn Haraldur Skarphéðinsson var ekki krafinn enn á ný um 3,5 milljónir króna fyrir byggingarrétt á hverju húsi. Enginn hafði nokkru sinni greitt fyrir byggingarrétt á þessum lóðum. Fjölskylda Haraldar, sem í réttu var Steinunn Marteinsdóttir móðir hans, seldi engan byggingarrétt á lóðunum, né heldur seldi hún landspilduna fyrir 100 milljónir, heldur 75.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í myndatexta): "Fjölskylda bæjarstjórans skipulagði tvo hektara í landinu og seldi byggingarrétt fyrir nærri 100 milljónir króna árið 2005."

RÉTT ER: Fjölskylda Haraldar skipulagði enga tvo hektara í landi Hulduhóla. Mosfellsbær deiliskipulagði Hulduhólalandið sem hluta af stærra svæði í kjölfar endurskoðun aðalskipulags þegar Haraldur var í minnihluta í skipulags- og byggingarnefnd. Fjölskylda Haraldar seldi ekki byggingarrétt á tveimur hekturum fyrir 100 milljónir króna árið 2005. Steinunn Marteinsdóttir, móðir Haraldar, seldi landspildu þar sem engin ákvæði voru um byggingarrétt, fyrir 75 milljónir.

DV HELDUR RANGLEGA FRAM (í myndatexta): "Hann [Haraldur Skarphéðinsson byggingarverktaki] fékk engar skýringar á því að í tvígang þurfti hann að borga fyrir byggingarrétt."

RÉTT ER: Byggingarverktakinn greiddi aðeins einu sinni fyrir byggingarrétt.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar

g+1

0

Tweet

Deila á Facebook

Athugasemdir

Athugasemdir eru á ábyrgð þeirra sem þær skrá. DV áskilur sér þó rétt til að eyða ummælum sem metin verða sem ærumeiðandi eða ósæmileg. **Smelltu hér til að tilkynna óviðeigandi athugasemdir.**

Fréttir > Innlent